



Skýrsla Æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Smára 2008

Nefndarfolk: Lilja Helgadóttir, Stefanía Sigurðardóttir, Maja Roldsgaard,
Einar Logi Sigurgeirsson og Kolbrún Haraldsdóttir

Starfsárið hófst á fræðslu- og skemmtikvöldi að Flúðum þann 10. mars. Fyrirlesari var Sigurður Sigurðarson reiðkennari með meiru. Fræddi hann krakkana um skap og skynjun hesta og var einnig með fróðleik um gangtegundir. Í lokin spurði Sigurður krakkana út úr efni kvöldsins. Á eftir fengu allir hressingu og farið var í leiki. Mæting var góð, 35 börn og unglingar auk nokkurra foreldra. Krakkarnir voru sérlega prúð og áhugasöm.

Sunnudaginn 30.mars var haldið með rútu til Reykjavíkur á sýninguna "Æskan og hesturinn" í reiðhöllinni í Víðidal. Þátttakan var mjög góð, 50 börn og unglingar auk nokkurra foreldra og nefndarmanna. Stemningin í hópnum var frábær, allir skemmtu sér konunglega á sýningunni og að henni lokinni fór hópurinn á pizzastað þar sem við gæddum okkur á pizzum, gosi og ís áður en haldið var heim á ný.

Helgina 12.-13.apríl var farið með 30 börn og unglinga í Hestheima. Lagt var af stað á laugardagsmorgni og þegar allir höfðu komið sér fyrir var farið í mat hjá þeim Marteini og Leu í Hestheimum sem hugsuðu vel um okkur allan tímann. Eftir hádegið var hópnum skipt upp í 4 hópa.

1. hópur fór í reiðtíma í reiðhöllinni undir stjórn Hermanns Þórs Karlssonar reiðkennara.
2. hópur fór í útreiðatúr í nágrenninu með Einari og Maju.
3. hópurinn fór í kembu-og snyrti keppni hjá Lilju og Kolbrúnu en það gekk út á að kempa, snyrta og skreyta sinn hest.

4. hópurnir fóru síðan í skeifukast hjá Stefaníu en sá leikur gekk út á að kasta skeifum með sem mestri nákvæmni.

Síðan rúlluðu hóparnir eftir þessari dagskrá þar til allir höfðu lokið öllum stöðvum.

Eftir stöðvarvinnuna tóku krakkarnir sig til og þrifu og báru á reiðtygin sín undir handleiðslu nefndarfólks.

Eftir gómsætan kvöldmat var kvöldvaka og einnig farið í heita pottinn. Má segja að ríkt hafi mikil gleði í hópnum og þreyttir en ánægðir krakkar lögðust á koddann þetta



kvöld. Á sunnudagsmorgni var komin mikill snjór og því var ekki farið í útreiðatúra þann daginn en krakkarnir fengu öll reiðtíma í reiðhöllinni hjá Hermanni. Eftir hádegismat var síðan frágangur og brottför seinnipartinn.

Það voru allir mjög ánægðir með vel heppnaða helgi bæði í leik og starfi.

Reiðnámskeið hófst í lok mars og stóð fram í miðjan maí. Um kennsluna sá Hermann Þór Karlsson á Efri-Brúnavöllum og fór kennslan fram þar og á keppnisvelli félagsins á Flúðum. Einnig voru reiðtímar í Hestheimum hluti af námskeiðinu. Var námskeiðið vel sótt.

Þeim börnum, unglingum og ungmennum sem fóru á Landsmót fyrir hönd Smára var boðin reiðkennsla og aðstoð fyrir mót. Þau Hermann Þór Karlsson og Rosmarie Þorleifsdóttir sáu um kennsluna. Einnig fórum við í eitt skipti með alla keppendurna á Hellu til að æfa sig ásamt reiðkennurum. Fengum við Oddrúnu Ýr Sigurðardóttur gæðingadómara til að koma, fylgjast með þeim og hitta þau að því loknu. Þá fór hún yfir helstu atriði sem gott er að hafa í huga varðandi gæðingakeppni.

20. maí fórum við í heimsókn í Flúðaskóla þar sem teymt var undir nemendum í 1.-4. bekk. Við fengum frábært veður og var mjög gaman. Krakkar sem höfðu aldrei komið á hestbak áður fóru stoltir heim með bros á vör.

Laugardaginn 23. ágúst var haldinn Æskulýðsdagur Smára á Flúðum. Við byrjum dagskrána með atriðinu “teymt undir börnunum”. Þetta atriði er fyrir þau

allra yngstu þar sem pabbi/mamma, afi/amma hjálpa til. Næst var hópreið barna og unglunga. Að því loknu var þrautabraut, sem var skipt niður í tvo hópa eftir aldri, þau eldri fengu meira krefjandi þrautabraut en þau yngri. Þegar allir höfðu spreytt sig í þrautabrautinni var töltkeppni barna og unglunga. Og svo endum við á æsispennandi mjólkurreið og þá tók foreldrar líka þátt. Gusaðist mjólkinn um allar grundir og mikið hlegið og skemmt sér þrátt fyrir rigningu þennan dag. Eftir skemmtilega dagskrá fóru allir í nýju reiðhöllina sem verið er að reisa á Flúðum og þar voru grillaðar pylsur og allir fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Þess má svo geta að fyrirhugað er að halda uppskeruhátíð fyrir börn og unglunga í nóvember n.k.

Æskulýðsnefndin hefur haldið 6 fundi á árinu auk þess sem tölvupóstur hefur mikið verið notaður í samskiptum. Samstarfið hefur gengið ljómandi vel og andinn góður í nefndinni.

Bestu kveðjur frá Æskulýðsnefnd Smára

Lilja Helgadóttir, formaður
Stefanía Sigurðardóttir,
Maja Roldsgaard,
Einar Logi Sigurgeirsson,
Kolbrún Haraldsdóttir

